

Minnisblað

Starfshópur um greiningu og framtíðarsýn varðandi eignir, veitur og B-hlutafyrirtæki.

Eftirtaldir skipuðu starfshópinn.

- Böðvar Bjarnason, verkstjóri áhaldahúss / Veitustjóri Rangárþing eystra
- Gunnar Bragi Jónsson, verkstjóri í Áhaldahúsi Mýrdalshreppur
- Bjarki Guðnason, sveitarstjórnarmaður/slökkviliðsstjóri Skaftárhreppur
- Ólafur Júlíusson, byggingafulltrúi Skaftárhreppur
- George Frumuselu, skipulags- og byggingafulltrúi Mýrdalshreppur
- Þuríður Benediktsdóttir, atvinnumálafulltrúi Skaftárhreppur
- Guðmundur Gíslason, hreppsnefndarmaður Ásahreppur
- Hulda Karlsdóttir, Sorpstöð Rangárvallasýslu bs Rangárþing ytra og eystra og Ásahreppur
- Nanna Jónsdóttir, varamaður í hreppsnefnd Ásahreppur
- Páll Tómasson, smiður/sveitarstjórnarmaður Mýrdalshreppur
- Tómas Haukur Tómasson, forstöðumaður eigna- og framkvæmdasviðs Rangárþing ytra
- Guðmundur Úlfar Gíslason, Skipulags- og byggingarfulltrúi Rangárþing eystra
- Guðni G. Kristinsson, veitustjóri Rangárþing ytra

Markmið hópsins var að meta stöðu eigna, veitna og B-hluta fyrirtækja í einstökum sveitarfélögum sem standa að sameiningarviðræðum. Einnig að greina styrk eða veikleika við sameiningu í málaflokknum ásamt að sjá hverjar ógnanir eru.

Teknar voru saman upplýsingar um viðhaldspörf fasteigna, gatnakerfis og þeirra veitna sem sveitafélögin reka. Eins voru teknar saman áætlaðar fjárfestingar fyrir næstu ár.

Unnin var viðhaldsáætlun brotin niður á eignir. Var þar farið eftir fjárhagsáætlunum og eins þar sem var þörf á frekara viðhaldi en ekki tekið á því í fjárhagsáætlunum, var það því merkt sem „ákjósanlegt“.

Ef til áframhaldandi viðræðna kemur þarf að vinna frekar í þessum áætlunum og greina nánar eignir sem eru vistaðar í fyrirtækjum og samlögum í eigu sveitarfélaganna. Gera má ráð fyrir að þrátt fyrir þessar áætlanir sé ekki fyrir séður allur kostnaður eða mismunandi sýn á viðhaldspörf milli sveitarfélaga.

Veitur sveitarfélaganna eru mjög mismunandi og mismunandi staddar varðandi rekstraröryggi og eftirlitstækni. Þar þarf að meta þann mismun og ástand.

Varðandi framtíð þá eru ýmis álita mál þar sem eignasöfn eru mismunandi og nýting og rekstrarhæfi eigna er mismikið.

Tækifæri

- Styrkur sameiningar felst í því að það væri hægt að setja á stofn mannvirkja og framkvæmdasvið sem samræmir framkvæmdir og viðhald af fagmennsku og sérþekkingu.
 - Svo sem að vinna viðhalds- og verkáætlanir og útboð betur og fylgja framkvæmdum betur eftir.
 - Í núverandi starfsmannahópi er mikil þekking og hæfni, en sami starfsmaður hefur oft og tíðum of mörg hlutverk. Í stærri einingu skapast tækifæri til að auka sérhæfingu í starfsmannahópnum.
- Mögulega skapast tækifæri til hagræðingar í rekstri eignanna.
- Auka þarf skilning á mikilvægi skipulegs viðhalds og reksturs eigna sveitarfélaganna.

- Mögulega skapast tækifæri til aukinnar sérhæfingar í umsjón og verkeftirliti með eignum og framkvæmdir við þær.
- Samræming og samnýting á ákveðnum tækjum og áhöldum milli áhaldahúsa.

Áskoranir

- Áskoranir eru fjöldi mannvirkja sem nýtast ekki sem skildi og eru komin á verulegt viðhald.
 - Nauðsynlegt er að leggja mat á hvaða eignir sveitarfélaganna, bæði fasteignir og jarðir, eru nauðsynlegar fyrir rekstur sveitarfélagsins og hverjar mætti selja.
- Mismunandi ástand á mannvirkjum og rekstrarhæfi mannvirkja er áskorun fyrir nýtt sveitarfélag.
- Skilgreina þarf verkefni þjónustumiðstöðvanna á hverjum stað.
- Skilgreina þarf hvernig fjármagni til fjárfestinga og viðhalds eigna verður ráðstafað, t.d. með skýrum ákvæðum í leigusamningi milli Eignasjóðs og viðkomandi stofnunar.
- Nauðsynlegt er að skoða nánar hvort tækifæri skapist til að sameina alla veitustarfsemi undir eitt félag og hvernig yrði staðið að þeim rekstri.